

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *75. fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 25. mars 2010, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Aðalfundur Tækifæris.
3. Erindi frá Birgi Haukssyni og Steinunni Ósk Stefánsdóttur, ósk um heimild til stofnunar nýrrar lóðar við Hellu.
4. Erindi frá Tarvo Nömm.
5. Umsagnir um þrjú þingmál, frv. til skipulagslaga, 425. mál, frv. til laga um mannvirki, 426. mál og frv. til laga um brunavarnir, 427. mál.
6. Norðursvæði Vatnajökulspjóðgarðs, tillaga að verndaráætlun, var frestað á síðasta fundi.
7. Fundargerð Bygginganefndar dags. 22. mars.
8. Fundargerð Skólanefndar dags. 24. mars.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Elín Steingrímsdóttir, Kristján Stefánsson, Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétusson.

1. **Fundarsetning.**
Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 7 og 8 yrði bætt á dagskránnu. Samþykkt samhljóða.
2. **Aðalfundur Tækifæris.**
Sveitarstjórn sér sér ekki fært að senda fulltrúa á fundinn.

- 3. Erindi frá Birgi Haukssyni og Steinunni Ósk Stefánsdóttur, ósk um heimild til stofnunar nýrrar lóðar við Hellu.**
Með bréfi óska Birgir Hauksson og Steinunni Ósk Stefánsdóttur samþykki sveitarstjórnar til stofnunar nýrrar lóðar við Hellu og sýnd er á meðfylgjandi uppdrætti. Lóðin er ætluð undir reykhus. Jafnframt er óskað eftir að nefnd lóð verði leyst úr landbúnaðrnotum.
Sveitarstjórn samþykkir að umrædd lóð sé stofnuð og jafnframt samþykkir sveitarstjórn að lóðin verði leyst úr landbúnaðarnotum.
- 4. Erindi frá Tarvo Nömm.**
Með bréfi óskar Tarvo Nömm skólastjóri Tónlistarskólans eftir ársleyfi frá störfum.
Sveitarstjórn samþykkir að verða við erindinu. Sveitarstjóra falið að auglýsa starfið ásamt stöðu stundarkennara.
- 5. Umsagnir um þrjú þingmál, frv. til skipulagslaga, 425. mál, frv. til laga um mannvirki, 426. mál og frv. til laga um brunavarnir, 427. mál.**
Samþykkt að óska eftir fresti til 7. apríl til að skila athugasemdum.
Sveitarstjóra falið að koma athugasemdum sveitarstjórnar á framfæri í anda þess sem rætt var á fundinum.
- 6. Norðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs, tillaga að verndaráætlun, var frestað á síðasta fundi.**
Sveitarstjórn Skútustaðahrepps gerir allmargar athugasemdir við verndaráætlunina. Samþykkt að fela sveitarstjóra að koma þeim á framfæri. Böðvar vék af fundi við afgreiðslu á þessum lið.
- 7. Fundargerð Bygginganefndar dags. 22. mars.**
Eftirfarandi liðir eiga við um Skútustaðahrepp.

Liður 2.

201003043 – Erindi frá Ferðafélagi Akureyrar

Ferðafélag Akureyrar óskar eftir stöðuleyfi fyrir geymslugám við hlið landvarðahúss við Drekaþil í Dyngjuþjóllum.

Byggingarnefnd leggur til við sveitarstjórn að samþykkt verði stöðuleyfi til tveggja ára.

Liður 8.

201001074 – Erindi frá Grænum lausnum ehf. Mývatnssveit

Grænar lausnir ehf. sækja um leyfi til að reisa reykþáf við skemmu félagsins að Reykjahlið lóð 204749.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Liður 9.

201003062 – Erindi frá Birni G. Yngvasyni, Skútustöðum 2, Mývatnssveit

Björn G. Yngvason sækir um byggingarleyfi fyrir 60 m² fristundahús á byggingarreit merktum B á deiliskipulagi af Skútustöðum. Teikningar eru unnar af Per Langsøe Christensen arkitekt.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um samþykkt á deiliskipulagi.

Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu Bygginganefndar á liðum 8 og 9. Varðandi afgreiðslu Bygginganefndar á lið 2. samþykkir sveitarstjórn stöðuleyfi einungis til eins árs.

8. Fundargerð Skólanefndar dags. 24. mars.

Í öðrum lið fundargerðarinnar kemur fram að skólastjóri hafi gert grein fyrir skipulagi næsta skólaárs, 2010-2011. Gert er ráð fyrir að vikulegur kennslustundafjöldi nemenda verði sá sami og á yfirstandandi skólaári og akstur skipulagður með sama hætti. Einnig var farið yfir skóladagatal komandi skólaárs og það samþykkt. Í þriðja lið fundargerðarinnar kemur fram að Olweuskönnun hafi verið gerð í nóvember s.l. og hafi komið vel út. Í fjórða lið fundargerðarinnar er getið um niðurstöðu úttektar af sjálfsmatsaðferðum í skólanum haustið 2009 en samkvæmt viðmiðum Mennta- og menningarmálaráðuneytis teljast sjálfsmatsaðferðir skólans ófullnægjandi, unnið er að úrbótum. Í fimmta lið kemur fram að skólanefnd geri ekki athugasemdir við tillögur að gjaldskárhækkunum leikskólans Yls og Tónlistarskólans um 5%. Þá kemur fram í fundargerðinni að leikskólastjóri og tónlistarskólastjóri hafi gert grein fyrir starfi skólanna yfir yfirstandandi skólaár. Í liðnum önnur mál kemur skólanefnd á framfæri ósk nemenda um að fá körfuboltaspjald á lóð skólans.

Sveitarstjórn samþykkir tillögu skólastjóra að skipulagi skólastarfs næsta skólaárs og afgreiðslu Skólanefndar. Varðandi ósk nemenda mun sveitarstjórn skoða hvort og þá með hvaða hætti hægt sé að verða við því.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Elín Steingrímsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétusson.